

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	16. feb. 2015
Málnr.	
2013/0076	



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Gunnarsholti 12. febrúar 2015

Efni: Athugasemdir Landgræðslu ríkisins við tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Landgræðsla ríkisins hefur kynnt sér tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Það er mat stofnunarinnar að með gerð landskipulagstefnu sé stigið mikilvægt skref í átt til betri og varkárari nýtingar á þeim auðlindum sem í landinu eru fólgnar, þ.m.t. gróður landsins, jarðveg og vistkerfi almennt.

Landgræðslan lýsir ánægju sinni með það sem fram kemur í kafla 1.1.2. um að beit verði stjórnað þannig að hún verði sjálfbær og að beitarálag verði í samræmi við ástand vistkerfa. Þá tekur Landgræðslan undir þau markmið að endurheima og styrkja náttúruleg vistkerfi og að draga úr jarðvegseyðingu. Landgræðslan telur þó að hér ætti að kveða fastar að orði og stefna á að **stöðva** jarðvegseyðingu. Ennfremur telur Landgræðslan eðlilegt að sömu eða svipaðar kröfur séu gerðar til sjálfbærrar nýtingar lands í dreifbýli og á miðhálendinu, þ.m.t. til beitarnýtingar.

Einnig er mikilvægt eins og fram kemur í tillöggunni að í aðalskipulagi sveitarfélaga sé fjallað um landgræðslu og endurheimt vistkerfa, enda í mörgum sveitarfélögum því miður full þörf á því.

Í tillöggunni er a nokkrum stöðum vitnað til héraðsáætlana Landgræðslunnar. Rétt er að vekja athygli á að héraðsáætlanirnar eru í megin atriðum skrá um rofsvæði og forgangsröðun þeirra eftir því hve Landgræðslan telur brýnt að hefjast handa á þeim um landgræðsluaðgerðir. Þær hafa hins vegar ekkert formlegt gildi eins og t.d. Landgræðsluáætlun hafði sem samþykkt var af Alþingi.

Landgræðslan tekur undir það sjónarmið sem kemur fram í köflum 1.3.2 og 2.6.3 að kortagrunnar um veki og vegslóða skuli byggður á tillögum sveitarfélaga og telur að slíkt eigi að gera á skýrum skipulagsforsendum. Mörg dæmi eru um ógætilegan akstur utan skilgreindra vega eða vegslóða sem hefur leitt til skemmda á gróðri, úrrennsli og jarðvegsrofi.

Að öðru leyti gerir Landgræðslan ekki athugasemdir við þá tillögu sem fram er komin.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðlu ríkisins

Guðmundur Stefánsson